

75 numið útsvörin úr gildi, af því að þau komi í bága við lögin, samkvæmt reglum þeim, 27. júní. sem settar eru í hinum íslenzku sveitarstjórnarlögum, til varnar gegn berlega ólöglegum ályktunum af hálfu hinna lægri sveitamálanefnda.

Til þess nú, að svo miklu leyti sem unnt er, að fyrirbyggja það, að þessi ákvörðun, sem er mjög óákveðið orðuð, verði vanbrúkuð til ótilhlýðilegra útsvars-álagna, og þar sem hægt er að sjá það fyrir, að kærur yfir ranglátum útsvörum, samkvæmt ákvörðun þessari muni koma fram einkum í fyrstu, skal jeg hjer með þjónustusamlega skora á yður að brýna það þóknanlega fyrir öllum sýslumönnum og amtmönnum, að gefa nákvæmar gætur að væntanlegum kærum frá aðkomandi fiskimönnum yfir því, hvernig sveitarstjórnir beiti heimild þeirri til að leggja útsvar á, sem hjer er veitt, og sömuleiðis, ef til þarf að taka, að neyta valds þess, sem þeim er veitt í 27., 36. og 37. gr. sveitarstjórnarlaganna 4. maí 1872, gegn ólöglegum útsvars-álögum, ef þær koma fyrir.

76 Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðinga um að umsjón og fjárhald 5. júlí. Ingjaldshólskirkju skuli fengið í hendur hlutaðeigandi söfnuði.—Samkvæmt tillögum yðar, herra landshöfðingi, í þóknanlegu brjefi 9. f. m., skal yður hjer með, eptir að söfnuðurinn í Ingjaldshólssókn í Nesþingaprestakalli hefur á þann hátt sem fyrirskipað er í lögum nr. 13., 12. maí 1882, afráðið að taka að sjer umsjón og fjárhald Ingjaldshólskirkju með skilyrðum þeim, sem ákveðin eru í lögum nr. 22 4. nóvember f. á., og eptir að þessi ályktun safnaðarins er samþykkt á hjeradsfundi og afbiskupi—veittur myndugleiki til, samkvæmt síðarnefndum lögum, að selja umsjón og fjárhald nefndrar kirkju í hendur hlutaðeigandi söfnuði og láta greiða honum 3000 kr. árlag það, sem kirkjunni á að fylgja.

77 Brjef landshöfðingja til póstmeistarans í Reykjavík um þóknun fyrir fund 19. júlí. og skil á póstsendingum. — Í þóknanlegu brjefi, dags. 14. p. m., hafð þjer, herra póstmeistari, lagt það til að Kristjáni Þorsteinssyni vinnumanni á Sauðafelli í Dalasýslu verði veitt hæfileg þóknun, svo sem 50 kr., úr póstsjóði, fyrir að hafa fundið og skilað viðkomandi póstaðgreiðslumanni póstpoka einum frá Reykjavík til póstaðgreiðslunnar í Hjarðarholti í Dölum, innihaldandi meðal annars 2 peningabrjef, annað með 25 kr. í, en hitt með 901 kr, 59 a. í, allt í seðlum, að undantekinni 1 kr. 59 a., en póstpoki þessi hafði verið í kofforti, er pósturinn milli Reykjavíkjur og Hjarðarholts missti á fyrstu póstferð sinni hjeðan í ár af hesti fyrir slys í svo kallaða Austurá.

Fyrir því undanfelli jeg eigi þjónustusamlega að tjá yður, herra póstmeistari, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar, að jeg samþykki hjer með að nefndum Kristjáni Þorsteinssyni verði greidd 50 kr. þóknun úr póstsjóði fyrir fund og skil á ofanumgetnum póstpoka og má færa póstsjóði upphæð þessa til útgjalda í næsta póstreikningi.

78 Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður og austuramtinu um ógild- 30. júlí. ing á reglum um fjársölu á mörkuðum í Húnavatussýslu. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 4. f. m., hafð þjer, herra amtmaður, skýrt frá því, að sýslunefndin í Húnavatns-sýslu hafi á fundi sínum í síðastliðnum febrúarmánuði samið og samþykkt reglur fyrir

fjárölu á mörkuðum þar í sýslunni, en með því að þjer hafið álitid, að reglur þessar, **78**
sem þjer hafið sent hingað eptirrit af, væru þess eðlis að ekki væri unnt að samþykkja 30. júlí.
þær, þar sem ýms ákvæði þeirra hefðu enga lagaheimild við að styðjast og yrðu ekki
sett nema með lögum, hafið þjer fellt þær úr gildi til bráðabirgða og borið þenna ó-
gildingarúrskurð yðar undir úrslit mín.

Fyrir því undanfelli jeg ekki hjer með þjónustusamlega að tjá yður, herra amt-
maður, að með því að jeg er yður að öllu leyti samdóma um álit yðar á nefndum reglum,
staðfesti jeg hjer með ógildingarúrskurð þann á reglum þessum, sem þjer hafið kveðið upp.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturamtinu um 79
hlunnindi handa sparissjóði. — Ut af þar um innkomnu bórnarbrjefi og samkvæmt 17. ágúst.
heimild þeirri, sem landshöfðingjanum er veitt í tilsk. 5. jan. 1874 um hlunnindi nokk-
ur fyrir sparissjóði á Íslandi, veiti jeg hjer með sparissjóði Árnassýslu á Eyrarbakka um
5 ára tímabil fyrst um sinn, er teljist frá 1 sept. næstkomandi, öll þau hlunnindi, er
getur um í nefndri tilskipun, þó með þeim skilyrðum, að upphæð ábyrgðar þeirrar, er
sett hefur verið fyrir sjóðnum, ekki skerðist, að ákvarðananna um reikningsskil í lögum
sjóðsins sje vandlega gætt og að send sjeu landshöfðingja á ári hverju eptirrit af reikn-
ingum hans, svo ber og að skýra landshöfðingja frá sjerhverri breytingu, er kann að
verða gjörð á lögum sjóðsins og frá því, ef skiptir um ábyrgðarmenn sjóðsins samkvæmt
3. gr. laganna.

Þetta bið jeg yður, herra amtmaður, að tilkynna sýslumanninum í Árnassýslu
til birtingar fyrir forstöðunefnd sparissjóðs Árnassýslu.

Brjef landshöfðingja til forseta neðri deildar alþingis 1887, umboðsmanns 80
Jóns Sigurðssonar um greiðslu kostnaðar við málshöfðun útaf vanskilum C. Fens- 21. ágúst.
marks á landssjóðstekjum úr Ísafjarðarsýslu og kaupstað. — Í þóknanlegu brjefi,
dagsettu 18. þ. m. og meðteknu í dag, hafið þjer, herra forseti, beiðst þess, að jeg ávísi
cand. juris Páli Briem 2000 kr. af fje því, sem veitt er í 9. gr. fjárlaganna til kostn-
aðar við málshöfðun útaf vanskilum C. Fensmarks á landssjóðstekjum úr Ísafjarðarsýslu
og kaupstað.

Útaf þessu vil jeg tjá yður, að jeg álit mjer ekki heimilt, að svo stöddu, að á-
vísa til útborgunar úr landssjóði neinu af því fje, sem veitt er í fjárlögum, *til kostn-*
aðar við málshöfðun útaf vanskilum C. Fensmarks, þegar af þeirri ástæðu, að mjer er
ekki kunnugt um, að neitt mál sje höfðað útaf þessu tilefni, enda verð jeg að ætla, að
um útborgun kostnaðar við slíka málshöfðun yrði að fara eins og um útborgun annars
málkostnaðar, sem greiddur er úr landssjóði, þannig, að honum verði ekki ávísað nema
eptir sundurliðuðum úrskurðuðum reikningi.

Brjef landshöfðingja til bæjarfógetans í Reykjavík um greiðslu kostnaðar við 81
aðgjörð á Öskjuhlíðarvegi. — Í þóknanlegu brjefi, dagsettu 22. þ. m., hafið þjer, herra 27. ágúst.
bæjarfógeti, skýrt mjer frá, að veganefnd Reykjavíkur kaupstaðar hafi í síðastliðnum
mánuði látið endurbæta veg þann, sem liggur inn fyrir Öskjuhlíð, en að bæjarstjórnin